



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Vorönn 2026

ÍSLE2OS05 ORÐSPOR

Kennarar	Birgir Aðalbjarnarson (BA) birgira@fsu.is Jón Özur Snorrason (JÖ) jozur@fsu.is Kristjana Hallgrímsdóttir (KH) kristjanah@fsu.is Þuríður Magnúsína Björnsdóttir (ÞMB) thuridur@fsu.is
----------	---

Áfangalýsing

Orðspor er grunnáfangi í málfari og ritun. Í áfanganum er unnið með tungumálið á fjölbreyttan hátt með það að markmiði að nemendur vandi mál sitt og auki orðaforðann. Verkefni eru bæði skrifleg og munnleg.

Undanfari: ÍSLE1GB05

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- málfræðihugtökum og hugtökum sem nýtast í tal- og ritmáli
- orðaforða sem nægir til að skilja íslenskt nútímamál í ræðu og riti
- mismunandi tegundum bókmennta og nytjatexta
- á margs konar málsniði

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- beita gagnrýninni hugsun og koma skoðun sinni á framfæri á skýran og greinargóðan hátt
- nýta hjálpargögn á markvissan hátt við frágang ritsmíða og framsetningu efnis
- nýta málfræðihugtök og málfræðilegar upplýsingar til að efla eigin málfærni
- flytja mál sitt af nokkru öryggi á góðu máli
- lesa sér til gagns og gamans bókmenntaverk jafnt sem nytjatexta og fjalla um inntak þeirra

Hæfniviðmið

Nemandi skal í lok áfanga geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- vinna að skapandi verkefnum í sambandi við námsefnið
- styrkja eigin málfærni
- beita skýru, lýtalausum máli í ræðu og riti
- taka þátt í málefnalegum umræðum
- tjá afstöðu og efasemdir um efnið sem unnið er með og komast að niðurstöðu
- hafa vald á áhrifaríkri málnotkun, svo sem með stílbrögðum

Námsefni

Orðsporshefti, rafrænt á Innu.

Kjörbók af lista.

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil

Dags.	Viðfangsefni
5. - 9. jan. Kennsla hefst á fim.	Kynning áfanga. Málnotkun; leshefti Kafli 1: Orðflokkar
12. - 16. jan.	Kafli 1-3: Orðflokkar (fallorð, sagnorð, óbeygjanleg orð). Verkefnavinna.
19. - 23. jan.	Kafli 1-3: Orðflokkar (fallorð, sagnorð, óbeygjanleg orð). Verkefnavinna.
26. - 30. jan.	Kafli 4-5: Orð og orðanotkun ásamt setningafræði. Verkefnavinna.
2. - 6. feb.	Kafli 4-5: Orð og orðanotkun ásamt setningafræði. Verkefnavinna.
9. - 13. feb.	Upprifjun og málfarspróf (30%)
16. - 20. feb. Miðannarmat	Heimildaritgerð (20%) Ritun – Bygging efnisgreina – flæði – tengiorð.
23. - 27. feb. Vorfrí mán. og þri.	Æfingaverkefni, heimildavinna. Skráning heimilda.
2. - 6. mars Áfangamessa mið.	Heimildaritgerð fer af stað.
9. - 13. mars Valdagur mið.	Heimildavinna – ritgerðarskrif. Fyrri skil.
16. - 20. mars Kátir dagar og Flóafár	Heimildaritgerð. Kjörbók valin af lista.
23. - 27. mars	Heimildaritgerð. Lokaskil.
30. mars - 3. apríl	PÁSKAFRÍ
6. - 10. apríl Kennsla byrjar á þri.	Hugtök og heiti (10%) Hugtök og heiti í bókmenntum.
13. - 17. apríl	Hugtök og heiti í bókmenntum.
20. - 24. apríl Sumardagurinn fyrsti (fim.)	Kjörbókarpróf (15%) Tímaritun, kjörbók (10%)
27. apríl - 1. maí 1. maí (fös.)	Framsögn (15%) Framsögn – æfingar. Ræða – undirbúningur.
4. - 8. maí	Ræða – flutningur.
11. - 15. maí Uppstigningardagur fim. Námsmat byrjar á fös.	Lokahnykkur.

Sérreglur áfangans

- Ætlast er til að nemendur skili öllum verkefnum áfangans á tilsettum tíma. Aldrei eru leyfð meira en tveggja daga sein skil á verkefnum.
- **Nemandi þarf að skila verkefnum í öllum námsþáttum til þess að standast áfangann.**
- Nái nemandi ekki lágmarkseinkunn í kjörbók þarf hann að velja aðra bók og taka próf úr henni.
- Ætlast er til að nemendur vinni jafnt og þétt alla önnina. Gert er ráð fyrir því að nemendur komi undirbúnir í kennslustundir.
- Ef nemandi kemst ekki í kennslustund ber hann sjálfur ábyrgð á því að fylgjast með kröfum um heimanám, próf og verkefnaskil. Oftast má sjá slíkt á INNU. Nemandi sem missir af prófi eða verkefni vegna veikinda ber sjálfur ábyrgð á því að óska eftir sjúkraprófi og skal hafa frumkvæði að því um leið og mætt er að nýju.
- Aldrei eru leyfð meira en tveggja daga sein skil á verkefnum.
- Allir nemendur eru skráðir í INNU og þurfa því að hafa aðgang að tölvu í tímum.
- Öllum verkefnum skal skila á tilsettum tíma, tölvuunnum sé farið fram á það. Nemandi sem ekki skilar verkefni eða mætir ekki í próf fær einkunnina núll. Einungis þeir sem eru löglega fjarverandi fá að taka sjúkrapróf.

Reglur um svindl og notkun gervigreindar

<https://www.fsu.is/is/namid/namskrofur-og-reglur/reglur-um-svindl-i-verkefnum-og-profum>

Ef að grunur um ritstuld og/eða óleyfilega notkun á gervigreind vaknar gætu nemendur þurft að gera munnlega grein fyrir verkefni/prófi.

Sömu reglur gilda um notkun gervigreindar við skrif og gilda um heimildaskráningu almennt. Reglur um heimildaskráningu má finna á heimasíðu skólans.

<https://www.fsu.is/is/namid/namskrofur-og-reglur/heimildaskraning-leidbeiningar>

Námsmat

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Málnotkun	Próf	30%
Heimildaritgerð	Ritgerð (lágmarkseinkunn 5)	20%
Hugtök og heiti	Verkefni og próf	10%
Kjörbók	Próf (lágmarkseinkunn 5) og tímaritgerð	25%
Framsögn	Ræða	15%
Samtals		100%

Námsmats- og prófsýningardagur

Námsmats- og prófsýning er mikilvægur hluti af náminu því þar fær nemandi:

- tækifæri til að sjá hvernig gekk.
- útskýringu á námsmati hvort sem um lokapróf eða símat er að ræða.
- ráðleggingar sem geta nýst í áframhaldandi námi.
- tækifæri til að gera athugasemd við niðurstöðu námsmatsins.

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar

Selfossi, 7. janúar 2026,

Birgir Aðalbjarnarson, Jón Özur Snorrason, Kristjana Hallgrímsdóttir, Þuríður Magnúsína Björnsdóttir.